

Ársskýrsla 2016

Búsetudeild Akureyrarbæjar



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
1 Um búsetudeild.....	2
1.1 Hlutverk	2
1.2 Starfsfólk.....	3
1.3 Hugmyndafræði	3
1.3.1 Þjónandi leiðsögn	4
1.3.2 Valdefling	4
1.4 Símenntun	4
1.5 Skipurit búsetudeildar desember 2016.....	5
1.6 Rekstrarniðurstaða búsetudeildar 2016.....	6
2 Starfsemin 2016.....	7
2.3 Heimaþjónusta	7
2.3.1 Almenn félagsleg heimaþjónusta.....	8
2.3.2 Ráðgjöfin heim	10
2.3.3 Gránufélagsteymi.....	11
2.3.4 Sértek heimaþjónusta.....	12
2.3.5 Heimsendur matur	12
2.4 Ráðgjöf Iðjupjálfa	14
2.5 Félagsleg liðveisla.....	15
2.6 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk	16
2.6.1 Þjónustukjarnar og sambýli	17
2.6.2 Áfangaheimili	19
2.6.3 Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	19
2.7 Skammtímaþjónusta og skólavistun	21
2.8 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	23
2.9 SIS mat.....	23

1 Um búsetudeild

1.1 Hlutverk

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks með skerta færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi. Auk þess að þjónusta íbúa Akureyrar, sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetudeild veitti á árinu 2016:

- Heimaþjónusta (félagsleg heimaþjónusta og frekari liðveisla)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, áfangaheimili, heimili fyrir börn)
- Skammtí mavistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfra
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Einstaklingar með heimaþjónustu	735	782	732	785	804	803	800	848	912	855
Heimili sem fengu heimaþjónustu	592	630	614	575	562	584	585	610	620	616
Einstaklingar með heimsendan mat	126	159	146	148	161	134	92	98	146	130
Einst. með félagslega liðveislu	106	115	100	107	114	125	127	127	120	110
- Einst. með > 10 klst. á viku	12	14	15	15	15	18	22	24	33	34
Einst. í þjónustukjörnum og sambýlum	46	46	48	49	49	51	53	54	62	65
Einst. í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	11	11	11	11	11	10	11	11	11	11
Einstaklingar á áfangaheimili				5	5	6	5	6	6	6
Börn í búsetuþjónustu	1	1	1	2	2	1	2	2	1	1
Fjöldi notenda skammtí mavistunar	27	25	23	20	21	21	20	19	21	20
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra**	50	48	61	59	57	50	64	-	-	-
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfra	90	120	104	130	153	149	138	134	153	185
Einst. með heilsueflandi heimsóknir***	419	528	284	382	526	542	566	556	-	-

** Þjónustan fluttist til Öldrunarheimila Akureyrar 1. sept. 2014.


*** Þjónustan færðist 1. júní 2015 til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

1.2 Starfsfólk

Búsetudeild hefur á að skipa öflugu starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 250 talsins í 192 stöðugildum. Að auki voru 22 í tímavinnu á deildinni. Af þeim starfsmönnum sem voru í ákveðnu starfshlutfalli voru 87 karlar í samtals 70,5 stöðugildum og 163 konur í samtals 121,5 stöðugildum. Karlar voru því í 35% af vinnuafl og í 37% stöðugilda og konur voru 65% af vinnuafl og í 63% stöðugilda. Er þetta sambærilegt hlutfall og árið á undan. Af tímavinnustarfsmönnum voru karlar 38 talsins og konur 58 talsins. Vert er að benda á að starfshlutfall kynjanna heldur áfram að þróast í átt að frekari jöfnuði.

Tafla 2 – Fjöldi stöðugilda eftir þjónustubáttum

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Félagsleg heimaþjónusta	35,5	37,2	39,3	38,8	45,3	46,5	40,3	44,0	46,0	48,4
Búsetuþjónusta	85,0	84,0	85,5	95,0	97,8	101,2	102,3	111,5	109,8	122,7
Skrifstofa	2,0	4,9	4,7	4,7	4,7	4,8	5,4	4,9	5,1	3,8
Stöðugildi alls	122,5	126,1	129,5	138,5	147,8	152,5	148	160,4	151,1	174,9



Mynd 1 – Kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild 2008-2016

1.3 Hugmyndafræði

Búsetudeild hefur þrífætta hugmyndafræði sem myndar þann ramma sem unnið er innan ásamt bestu þekkingu á hverjum tíma. Þetta eru hugmyndafræði um Valdeflingu (Empowerment), Þjónandi leiðsögn (Gentle teaching) og Skaðaminnkandi nálgun (Harm Reduction). Síðastnefnda hugmyndafræðin, Skaðaminnkandi nálgun, nær til þrengri hóps en hinar þar sem hún leiðbeinir um nálgun í þjónustu við fólk sem sýnir áhættuhegðun eins og ofdrykkju, eiturlyfjaneyslu og sjálf skaða eða aðra hegðun af líkum toga.

1.3.1 Þjónandi leiðsögn

Hugmyndafræðin „Þjónandi leiðsögn“ á sér langa sögu innan ákveðinna þjónustueininga búsetudeildar en árið 2014 var ákveðið að innleiða Þjónandi leiðsögn í allri þjónustu deildarinnar. Þetta er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Traust, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum en hefðbundin atferlismótun þ.e. skilyrt umbun og refsing samræmist ekki þeim gildum sem unnið er eftir. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum. Innleiðingaferlinu sem hófst árið 2014 lauk formlega á árinu. Í lok árs höfðu allir starfsmenn búsetudeildar farið á námskeið í Þjónandi leiðsögn. Einnig var áfram unnið að styrkingu leiðtoga (mentora) í Þjónandi leiðsögn. Þjálfun leiðtoganna hófst árið 2014 og miðaðist við að dýpka skilning þeirra á hugmyndafræðinni, fylgja því eftir að innleiðingarferlið skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna. Síðast en ekki síst var haldin alþjóðleg ráðstefna um Þjónandi leiðsögn á Akureyri í september 2016. Ráðstefnunni var mjög vel tekið en búsetudeild og Öldrunarheimili Akureyrar héldu ráðstefnuna í sameiningu og var hún sótt af tæplega 300 fagaðilum allstaðar að úr heiminum. Kristinn Már Torfason, einn forstöðumanna deildarinnar, er varaforseti alheimssamtaka um Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching International).


1.3.2 Valdefling

Hugmyndafræði Valdeflingar snýst um að efla getu einstaklingsins til að lifa sjálfstæðu lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir og þekkja og nýta réttindi sín. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Unnið hefur verið að innleiðingu Valdeflingar samhliða innleiðingu Þjónandi leiðsagnar frá árinu 2014. Á árinu voru haldnir reglulegir fundir Valdeflingateymis en teymið samanstendur af starfsfólki frá flestum starfstöðvum búsetudeildar og er mikilvægur liður í innleiðingar og áframhaldandi þróunarferli þessarar hugmyndafræði. Starfsfólk þeirra þjónustueininga sem styðja geðfatlaða fórn til Englands þar sem bataskóli (Recovery college) var sóttur heim en þar er unnið eftir hugmyndafræði Valdeflingar. Einnig var hugmyndafræðin kynnt fyrir aðstandendum þjónustuþega með fyrirlestrum í Grófinni.

1.4 Símenntun

Undanfarin ár hafa starfsmenn búsetudeildar tekið þátt í verkefninu „Markviss“ á vegum SÍMEY, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. „Markviss“ metur fræðsluþörf starfsmanna og í kjölfarið er sett upp fræðslutilboð til að mæta þörfinni. Árið 2016 voru haldin námskeið í Valdeflingu, Þjónandi leiðsögn, snjalltækja/spjaldtölvu og skyndihjálp. Á árinu tóku 247 starfsmenn þátt í námskeiðum.

1.5 Skipurit búsetudeildar desember 2016



1.6 Rekstrarniðurstaða búsetudeildar 2016

Starfsstöð/tegund	2015	2016	Mismunur
<i>Tekjur</i>	-32.829	-39.929	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	42.949	43.136	
<i>Annar kostnaður</i>	22.130	34.261	
Skrifstofa búsetudeildar	32.250	37.467	16%
<i>Tekjur</i>	-3.850		
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	3.843		
<i>Annar kostnaður</i>	147		
Heilsuefandi heimsókn til aldraðra	140		pj.flutt
<i>Þjónustukaup</i>	22.227	23.500	6%
Gránufélagsteymi	22.227	23.500	6%
<i>Tekjur</i>	-3.749	-2.046	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	36.864	34.167	
<i>Annar kostnaður</i>	8.242	4.625	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	41.356	36.747	-11%
<i>Þjónustukaup</i>	34.000	42.490	
Skólavistun fyrir fatlaða	34.000	42.490	25%
<i>Tekjur</i>	-12.932	-14.500	
<i>Styrkir og framlög</i>	22.546	22.701	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	9.614	8.201	-15%
<i>Tekjur</i>	-39.876	-38.047	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	182.321	186.891	
<i>Annar kostnaður</i>	50.632	52.372	
Heimaþjónusta A	193.077	201.217	4%
<i>Tekjur</i>	-107.648	-113.235	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	189.301	175.866	
<i>Annar kostnaður</i>	10.863	4.819	
Heimaþjónusta B	92.516	67.451	-27%
<i>Tekjur</i>		-29.939	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		29.485	
<i>Annar kostnaður</i>		454	
Heimaþjónusta stoð			Ný eining
<i>Þjónustukaup</i>	184.209	231.516	
Sameiginlegur kostnaður	184.209	231.523	26%
<i>Tekjur</i>	-688	-105	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	179.678	184.291	
<i>Annar kostnaður</i>	1.524	991	
Búspjónusta Geislatúni og Hafnarstræti	180.513	185.177	3%

Tölur eru í þúsundum króna

Starfsstöð/tegund	2015	2016	Mismunur
<i>Tekjur</i>	-489	-348	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	84.324	216.491	
<i>Annar kostnaður</i>	973	1.436	
Íbúðakjarni Borgili og Klettatúni	84.807	219.015	158%
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	105.961		
<i>Annar kostnaður</i>	1.703		
Þjónustukjarni Borgargili	107.665		Sameinað
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	40.376	47.375	
<i>Annar kostnaður</i>	540	948	
Búsetuþjónusta við Kjarnagötu	40.917	48.323	18%
<i>Tekjur</i>	-1.527	-57	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	190.797	201.204	
<i>Annar kostnaður</i>	1.975	1.040	
Búsetuþj. Snægili og Kjalarsíðu	191.245	202.187	6%
<i>Tekjur</i>	-2.265	-1.590	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	204.626	217.043	
<i>Annar kostnaður</i>	3.319	2.472	
Búsetuþj. Þratarlundi og Jörvabyggð	205.680	217.925	6%
<i>Tekjur</i>	-69.371	-287.158	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	199.521	227.951	
<i>Annar kostnaður</i>	6.857	8.159	
Íbúðakjarni Hafnarstræti	137.007	-51.048	-137%
Þjónustukjarni Eiðsvallagötu	33.384		Sameinað
<i>Tekjur</i>	-44.445	-49.070	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	90.997	103.482	
<i>Annar kostnaður</i>	27.137	27.514	
Skammtímaþjónusta	73.689	81.925	11%
<i>Tekjur</i>	-23.999	-25.277	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	160.101	175.282	
<i>Annar kostnaður</i>	4.945	4.511	
Búsetuþjónusta við geðfatlaða	141.048	154.516	10%
<i>Tekjur</i>	0		
<i>Annar kostnaður</i>	52.099	45.802	
Húsnæðiskostnaður Búsetudeildar	52.099	45.802	-12%
<i>Tekjur</i>	-6.202	-5.459	
<i>Annar kostnaður</i>	56.541	58.175	
NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	50.339	52.716	5%
Heildarkostnaður búsetudeildar	1.907.783	1.803.698	-5%

2 Starfsemin 2016

2.3 Heimaþjónusta

Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu eða aðrar nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskyldu-aðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum gildum ástæðum.

Heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoðar við eigin umsjá.
- Aðstoðar við heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingar matar.
- Ráðgjafar iðjuþjálfar.

Markmið heimaþjónustu er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Starfsmaður búsetudeildar metur þjónustupörf og niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir fund matshóps sem skipaður er af framkvæmdastjóra búsetudeildar Akureyrarbæjar og framkvæmdastjóra Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.


Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að fólki geti búið sem lengst heima, þrátt fyrir flókin og vandasöm heilsufarsvandamál. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu.

Almenn heimaþjónusta sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og einnig öllum þeim sem eru eldri en 67 ára og þurfa aðstoð. Það er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Sértæk heimaþjónusta/frekari liðveisla er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Þetta er sú aðstoð sem þarf, til viðbótar við heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólki með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margháttða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Samkvæmt reglugerð metur teymi fagfólks sérstaka stuðningsþörf umsækjanda. Teyminu er ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu að halda sem veitt er á grundvelli laga og reglugerða og hvernig koma megi til móts við þarfir þeirra. Við matið skal teymi fagfólks nota verklag og viðmiðanir sem tryggja að stuðningsþörf sé metin með samræmdum heildstæðum hætti í samráði við umsækjendur og aðstandendur. Starfstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, en þær stærstu eru að Bugðusíðu 1 og í húsnæði Íþróttahallarinnar við Skólástíg. Stöðugildi 2016 í heimaþjónustu voru 48,4 og fjöldi starfsmanna 68.

2.3.1 Almenn félagsleg heimaþjónusta

Á árinu 2016 fengu 616 heimili almenna félagslega heimaþjónustu sem er svipað og árið 2015. Eins og sést á mynd 2, og í samræmi við reglur og samfélagslega þróun, þá er aldrað fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldraðir frá 65 ára aldri. Af þeim 446 heimilum aldraðra sem fengu heimaþjónustu voru 289 heimili 80 ára og eldri. Á þeim heimilum bjuggu 371 einstaklingar og jafngildir það að 53 % þeirra sem eru 80 ára og eldri á Akureyri hafi haft almenna félagslega heimaþjónustu. Almenn félagsleg heimaþjónusta er veitt alla daga ársins.




Mynd 2 – Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2015



Mynd 3 – Fjöldi karla og kvenna á Akureyri 65 ára og eldri sem fá heimaþjónustu

Eins og sést á mynd 3 hér að framan eru konur sem er með heimaþjónustu á Akureyri heldur fleiri en karlar í aldursflokknum 65 ára og eldri. Hlutfall kvenna í þjónustu í þessum aldurshópi er 62%


og karla 38%. Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 4) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda (mynd 3) kemur í ljós að vinnustundir á hvern aldraðan einstakling eru örlítið fleiri hjá öldruðum en öryrkjum en sem er breyting frá árinu áður þar sem vinnustundir hjá öryrkjum voru mun fleiri. Þetta má skýra með því að nokkrir þjónustupungir einstaklingar þurftu ekki lengur á þjónustunni að halda.



Mynd 4 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum 2008-2016


*Í ársskýrslu búsetudeildar 2015 var fjöldi vinnustunda þess árs í þjónustu við öryrkja ofmetinn. Tölurnar fyrir 2015 hafa því verið leiðréttar.

Þegar vinnustundir eru skoðaðar betur kemur í ljós að þeir tímar sem eingöngu eru veittir í þrif eða persónulega þjónustu eru mun færri en þeir tímar sem varið er í fjölþættari þjónustu. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu.



Mynd 5 – Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum

*Tölur um fjölda vinnustunda í þjónustu við þá sem bæði voru með þrif og persónulega þjónustu frá síðustu ársskýrslu.




Mynd 6 – Kostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu 2006-2016 á verðlagi ársins 2016

Eins og sjá má á mynd 8 hafa útgjöld til heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi ársins 2016. Við útreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustu. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2016 var um 5.247 krónur. Í þeirri tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

2.3.2 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2016 fengu 46 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 33 konur og 13 karlar. Frá árinu 2007 hefur því orðið rúm helming aukning á fjölda þeirra sem njóta þessarar þjónustu. Konur eru í meirihluta árið 2016 eins og árið áður en tölur eru ekki til um kynjahlutfall þeirra sem fengu ráðgjöfina heim fyrir árið 2015.




Mynd 7 – Fjöldi sem fengu aðstoð frá Ráðgjöfinni heim

Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustu og um áramót voru um 10 einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu 3 háskólamenntaðir starfsmenn í 2 stöðugildum.

2.3.3 Gránufélagsteymi

Gránufélagsteymið er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10:00 til kl. 20:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindarekstur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um „Skaðaminnkandi nálgun“ sem miðar að því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2016 fengu 23 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu og hefur fjöldinn minnkað frá 2014. Allir þjónustunotendur eru karlar. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær á hverjum tíma og ræðst það af þörf og aðstæðum einstaklinganna.



Mynd 8 – Fjöldi sem naut aðstoðar Gránufélagsteymis


Starfandi er fagteymi geðlæknis, félagsráðgjafa, þroskapijálfa og forstöðumanns sem er iðjupjálfi. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafar um það sem upp kemur í starfseminni.

Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða stýrir þjónustunni þó svo að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu.

Frekari upplýsingar um Ráðgjöfina heim og Gránufélagsteymið eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu, fjölda þjónustunotenda, fjölda vinnutíma og í tölum um kostnað.

2.3.4 Sértek heimaþjónusta

Árið 2016 fengu 34 einstaklingar sérteka heimaþjónustu (frekari liðveislu) á Akureyri og einn utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Tuttugu og sex þeirra fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku. Frekari liðveisla er sú aðstoð sem þarf, til viðbótar við heimilishjálþ og félagslega liðveislu, til að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.




Mynd 9 – Sértek heimaþjónusta (>10 tímar á viku) 2008-2016

Eins og sjá má á mynd 9 eykst stöðugt sá fjöldi einstaklinga sem þurfa sérteka heimaþjónustu (frekari liðveislu). Fleiri einstaklingar er fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima í stað þess að flytjast á stofnun þrátt fyrir mikla þjónustuþörf. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu. Aðilar skipta með sér verkum en sumum verkum sinna starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum. Fækkun tíma á milli ára skýrist af fráfalli þjónustuþega sem þurftu verulega þjónustu.


2.3.5 Heimsendur matur

Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónustan er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á matnum til kaupenda. Alls nýttu 130 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 114 flokkuðust sem heimili aldraðra en 16 heimili öryrkja. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 14.055. Eins og sjá má á mynd 11 fækkaði þeim einstaklingum aðeins sem fengu heimsendan mat frá því í fyrra og eins fækkaði þeim matarbökkum sem seldir voru töluvert.



Mynd 10 – Heimsendur matur 2006-2016, fjöldi bakka og fjöldi notenda

Kostnaður við heimsendan mat hefur verið nokkuð stöðugur á milli ára og hlutfall á milli kostnaðar bæjarins og neytenda hefur haldist nokkuð jafnt frá árinu 2007.




Mynd 11 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat

2.4 Ráðgjöf Iðjupjálfa

Búsetudeild býður upp á þjónustu iðjupjálfa. Markmið iðjupjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Sem dæmi um iðju má nefna það að klæða sig og snyrta, útbúa mat, aka bíl, afgreiða í verslun, skrifa ritgerð, fara á skíði eða mála

mynd. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfsgöð og einföld fyrir flesta, þá geta þau verið erfið og jafnvel óyffirstíganleg fyrir margt það fólk sem ekki hefur þroskast eðlilega, fengið sjúkdóma, er komið á efri ár eða hefur orðið fyrir áföllum af einhverju tagi. Þörf er á iðjuþjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.

Iðjuþjálfar búsetudeildar veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsuefningar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann tekur þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um til deildarinnar og veitir einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Árið 2016 voru tveir iðjuþjálfar í 1,8 stöðugildum.



Mynd 12 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjuþjálfra 2006-2016

Árið 2016 fengu 185 einstaklingar ráðgjöf sem er aukning frá árinu á undan (mynd 12). Tæplega helmingi fleiri konur fengu ráðgjöf iðjuþjálfra sem er hlutfallsleg aukning frá 60% upp í 64% frá árinu 2015 en tölur um kynjahlutfall þjónustuþega er ekki til fyrir þann tíma.


2.5 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri, sem og fullorðnu fötluðu fólki.

Í formi félagslegrar liðveislu fengu 110 einstaklingar á árinu þjónustu um lengri eða skemmri tíma, 35 konur 18 ára og eldri og 32 karlar 18 ára og eldri, 10 stúlkur undir 18 ára og 33 drengir undir 18 ára aldri. Flestum einstaklingum er úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með frekari liðveislu fengu yfirleitt 8 tíma á mánuði. Nokkrir einstaklingar fengu fleiri en 10 tíma á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling en á árinu var einnig veitt félagsleg liðveisla í nokkra hópa. Hópliðveisla er veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni í góðu samstarfi við sundfélagið. Til að koma til móts við biðtíma eftir liðveislu á árinu var boðið upp á hópliðveislu í Rósenborg fyrir drengi og stúlkur á aldrinum 10 til 16 ára í samstarfi við samfélag og mannréttindadeild. Alls tóku 19 drengir þátt í hópstarfinu og 9 stúlkur.

Heildarkostnaður félagslegrar liðveislu fyrir árið 2016 var 36.747 þúsund krónur en til samanburðar þá var heildarkostnaðurinn árið 41.356 þúsund krónur árið 2015.




Mynd 13 – Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu, 18 ára og eldri.

Mynd 14 – Fjöldi einstaklinga með félagslega liðveislu, yngri en 18 ára.

2.6 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 67 einstaklingar þjónustunnar. Þar af bjuggu sex á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir. Þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Aðrir búa í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru 34 einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/frekari liðveislu en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). SIS matskerfið er vandað matskerfi, vel rannsakað, með sterkan fræðilegan bakgrunn sem notað er víða um heim til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Einnig er mögulegt að tengja niðurstöður matsins við fjármögnun þjónustu og fær Akureyrarbær, eins og Reykjavíkurborg og önnur sveitafélög, greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölga sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar frekari liðveislu.



Mynd 13 – Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk 2006-2016

2.6.1 Þjónustukjarnar og sambýli

Í 10. grein VI. kafla laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er kveðið á um að fatlað fólk skuli eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Búsetuúrræðin skulu vera í íbúðabyggð og staðsett nærri almennt og opinberri þjónustu sé þess kostur. Tekið er á móti öllum umsóknum um húsnæði hjá húsnæðisdeild Akureyrarbæjar, hvort heldur er um að ræða húsnæði í almennum félagslegum leiguíbúðum eða sérútbúið húsnæði fyrir fatlað fólk. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi búsetudeildar og ef húsnæði sem er sérstaklega ætlað fyrir fatlað fólk losnar, er kallaður saman sérstakur hópur sem gerir tillögur um úthlutun.

Umsóknir um áfangaheimili berast þó til búsetudeildar, þar sem ekki er um eiginlegt húsnæðisúrræði að ræða heldur tímabundið úrræði.

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru keypt stór einbýlishús og þar bjuggu saman í hefðbundnum fjölskylduhúsum fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnæðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftar en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svo náð sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu byggingareglugerðar. Í lok desember 2016 var þó enn búseta í þremur herbergjasambýlum. Tvö þessara sambýla, að Hafnarstræti 16 og Snægili 1, voru byggð á níunda áratug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraspor. Í þessum húsum eru öll herbergin rúmgóð og í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Þrír einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisvistun en öryggisvistun er úrræði fyrir ósakhæfa, dæmda einstaklinga. Miðað er við að fólk sé svo mikið fatlað að það geti ekki séð um sig sjálf og eigi einnig við hegðunarvanda að stríða, stundum hættulegt sjálfu sér og öðrum. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.


Tafla 3 – Þjónustukjarnar og sambýli

		2013			2016		
Tegund búsetu		Rými	Stuðningur út frá kjarna	Stöðugildi	Rými	Stuðningur út frá kjarna	Stöðugildi
Klettatún	Þjónustukjarni	6	1	8,0	6	2	8,5
Borgargil	Þjónustukjarni				6		14,0
Geislatún	Þjónustukjarni	4		9,9	5		10,1
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	4		9,1	5		8,6
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5		2,0	5		4,8
Þrastarlundur	Þjónustukjarni	7		16,0	7	1	18,0
Dvergagil	Herbergjasambýli	4		6,5			
Snægil	Herbergjasambýli	6		9,4	6		8,8
Kjalarsíða	Þjónustukjarni	7		9,7	6		9,6
Hafnarstræti	Þjónustukjarni	4		10,0	6	3	23,5
Hamratún	Áfangaheimili	5		4,1	5		4,1
Vallartún	Þjónustukjarni	5		8,6	5		8,6
Skútagil	Þjónustukjarni	5	1	4,1	5	1	4,1
Hvammshlíð	Herbergjasambýli	4		3,9			
Samtals		66	2	101,3	67	7	122,7

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flust nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu án þess að flytja inn í þjónustukjarnann.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Valdeflingar og Þjónandi leiðsagnar, en þá er lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir.

Í töflu 4 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2013, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda. Töluverð aukning stöðugilda hefur orðið á milli ára en það má rekja til aukinnar mönnunar í öryggisvistun um 7,3 stöðugildi og aukinnar þjónustu í Þrastarlundi vegna sérúrræðis við barn með verulega þjónustuþörf og aukinnar mönnunar vegna þess að þjónustuþegar Jörvabyggðar eru að eldast og þurfa meiri aðstoð.




Mynd 16 - Sértæk búsetupjónusta og frekari liðveisla

2.6.2 Áfangaheimili

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk, fimm íbúðir til búsetu og ein íbúð er til sameiginlegrar notkunar. Sex einstaklingar bjuggu þar árið 2016. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni sem miðar að því að þeir geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Mikið og gott samstarf er við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri sem veitir stuðning og ráðgjöf.

2.6.3 Biðlistar eftir búsetupjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 28 einstaklingar í árslok 2016. Sautján voru á bið eftir þjónustukjarna en 11 á bið eftir áfangaheimili. Auk þess eru þrír einstaklingar á biðlista eftir flutningi í þjónustukjarna vegna aukinna stuðningsþarfa.



Mynd 14 – Virkur biðlisti eftir sértækri búsetu með þjónustu


2.7 Skammtímaþjónusta og skólavistun



Mynd 15 – Húsnæði skammtímaþjónustu og skólavistunar að Þórunnarstræti

Þann 1. mars 2014 fluttu skammtímaþjónusta og skólavistun í Árholti í Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti 99. Mikill munur er fyrir stóran hóp notenda sem oft fór á milli þessara tveggja staða, að þjónustan sé nú öll á sama stað.

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 20 einstaklingur á árinu, átta voru yngri en 18 ára en tólf fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2016 voru 1.524 en þar af nýttu börn 911 sólarhringa en fullorðnir 520. Neyðarvistunarsólarhringar voru 93 á árinu. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6 – 9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýttu 21 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2016 í samtals 2.771 daga.



Mynd 16 – Skammtímavistun 2006-2016



Mynd 17 Sumar og Skólavistun tímar 2016

Markmið skammtímavistunar:

- Skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- Þjálfun fléttist á eðlilegan hátt inn í leik og dagleg störf.
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- Upplyfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Markmið skóla- og sumarvistunar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum.
- Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

Í skammtíma- og skólavistun er lögð áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegnum leik. Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.

2.8 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldudeildar og búsetudeildar. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Á árinu 2016 voru gerðir sambærilegir samningar og árið áður, alls fimm samningar vegna sex einstaklinga. Um er að ræða þrjá fullorðna og þrjú börn.

NPA er tilraunaverkefni sem átti að ljúka í árslok 2014 en búið er að framlengja það um þrjú ár eða til ársloka 2017.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel. Þróun samningagerðar mun halda áfram og einnig þarf að vinna áfram við að finna bestu lausnirnar varðandi það skilaform sem Akureyrarbær gerir kröfur um varðandi fjárhagsleg skil en það hefur verið þróað í samvinnu við fjárreiðudeild bæjarins.

2.9 SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat, á þjónustubörfum fullorðins fatlaðs fólks var innleitt árið 2009 – 2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í mat. Á árinu 2016 voru 126 einstaklingar í þjónustu með SIS mat, allir á Akureyri. Á árinu fóru fyrstu börnin í SIS - C mat, alls 15 börn en verið er að þróa matstækið út frá íslenskum aðstæðum og niðurstaða úr því er ekki komin.

Tafla 4 – SIS mat

SIS flokkar	12B	12A	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	Alls
Fj. einst. 2012	4	7	2	3	15	8	4	7	4	5	16	6	4	1	86
Fj. einst. 2013	5	7	4	6	16	15	5	9	4	7	18	6	5	1	108
Fj. einst. 2014	7	13	6	10	9	17	9	13	7	7	14	4	1	1	118
Fj. einst. 2015	6	13	8	10	9	17	10	11	7	9	19	3	0	1	123
Fj. einst. 2016	5	12	9	10	11	16	11	12	5	10	20	4	0	1	126

SIS matið er þannig byggt upp, (sjá töflu 2), að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustubörf vegna heilsu og atferlis. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 4 - 12. Alls voru u.þ.b. 499 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um málefni fatlaðs fólks. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru rúmlega 200. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat og á það við þá einstaklinga sem eru í lítilli þörf fyrir sérhæfða þjónustu.